

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum

1. gr.

Reglur þessar eru til þess að gæta samræmis við úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum. Markmið styrks er að auka jöfnuð barna í íþrótt- og tómstundastarfi sbr. fjárukalæg ríkisins árið 2020 og sbr. lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr

Skilyrði fyrir íþrótt- og tómstundastyrk eru:

- að börn séu með lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði
- að börnin séu fædd á árunum 2005 til 2014
- að börnin séu með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020
- að styrkurinn skuli nýttur til niðurgreiðslu á íþrótt- og tómstundum en ekki til kaupa á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.
- styrkinn verði nýttur á skólaárinu 2020-2021 (1. ágúst 2020-31.júlí 2021)
- umsóknir berist fyrir 1. mars 2021

3. gr.

Upphæð íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn af tekjulágum heimilum nemur 45.000 kr. fyrir hvert barn og miðast við skólaárið 2020-2021.

4. gr.

Hægt er að nota íþrótt- og tómstundastyrki sem hluta af greiðslu vegna þátttöku í ýmsu íþrótt- og tómstundastarfi og er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningum:

- skilyrði er að íþrótt- og tómstundafélög séu skráð í Nóra og/eða löggildur aðili að ÍSÍ
- félögin þurfa að viðhafa góða starfshætti og starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi. Starfið þarf að vera undir handleiðslu þjálfara/leiðbeinenda 18 ára og eldri
- nemendur í tónlistarnámi við Tónskóla Austur Skaftafellssýslu geta nýtt íþrótt- og tómstundastyrkinn
- nýta má íþrótt- og tómstundastyrkinn við kaup á þriggja til tólf mánaða námskeiðum á vegum líkamsræktarstöðva að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda.



- tómsundastarf sem er á vegum félagasamtaka sem starfa í öðrum sveitarfélögum. Forsenda fyrir að hægt er að nýta íprótta- og tómsundastyrkinn við slíkar aðstæður er að ekki sé fyrir hendi félag sem hefur með höndum sama eða sambærilegt félagastarf í Sveitarfélaginu Hornafirði
- íprótta- og tómsundastyrkurinn er afgreiddur inn á Nóra og kemur þar til viðbótar almennum íprótta- og tómsundastyrk. Ef um íprótta- og tómsundaúrræði sem ekki er innan nóra, að uppfylltum skilyrðum hér að ofan, er upphæðin millifærð á forráðamann barnsins. Forsenda fyrir því er að greiðslukvittun fylgi umsókn.
- annað tómsundastarf sem meðferðarfundur félagsþjónustu tekur gilt hverju sinni.
- Fagteymi félagsþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar tekur ákvörðun um umsóknir sem snúa að úrræðum sem falla utan Nóra kerfisins, ÍSÍ eða Tónskóla Austur Skaftafellssýslu.

5. gr.

Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið samkvæmt skilyrðum 1. gr sækir umsækjandi um íprótta- og tómsundastyrkurinn hjá Sveitarfélaginu Hornafirði í gegnum Íbúagátt þess á vefnum www.hornafjordur.is. Starfsmenn félagsmálasviðs taka ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íprótta- og tómsundastarf barnsins á skólaárinu 2020- 2021.

6. gr.

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem verða má. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt og rökstutt svar.

Um málsmeðferð, þ.m.t kærheimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

7. gr

Reglur þessar eru byggðar á leiðbeiningum Barna- og félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íprótta- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021. Reglurnar öðlast gildi frá og með deginum í dag.